

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

---

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. nóvember 2023.

„Lagt er til að ráðist verði í lagfæringu og/eða endurnýjun gangstétta við Laugalæk. Víða við götuna eru gangstéttir eyddar, sprungnar og ójafnar. Á það m.a. við um fjölfarnar gangstéttir, nálægt Laugalækjarskóla sem og gangstétt fyrir framan kaffihús og verslun á horni Laugalækjar og Laugarnesvegjar.“

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 29. nóvember 2023:

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gangstéttir við Laugalæk, sbr. 34. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. nóvember 2023.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

### Umsögn um tillögu.

Tillögunni hefur verið komið áfram til verkefnastjóra framkvæmda og viðhalds sem mun skoða og meta ástandið. Minni skemmdir verða lagfærðar af starfsmönnum Reykjavíkurborgar en ef um stærri viðgerð er um að ræða verður hún sett á verkefnalista viðgerðaverktaka.

Ennfremur er í undirbúning að framkvæmda ástandsmat göngu- og reiðhjólástíga í Reykjavík. Um er að ræða steypar og hellulagðar stéttar og malbikaða göngu- og reiðhjólástíga auk malastíga. Ástandsgreining fer þannig fram að göngu og reiðhjólástígum er skipt upp í ástandsflokka eftir sjónskoðun. Í framhaldinu verður gerð framkvæmdaáætlun þar sem verkefnum er forgangsraðað eftir ástandsflokkuninni og samkvæmt samþykktum fjárheimildum vegna endurnýjunar og viðhalds á göngu- og reiðhjólástígum.



Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

